

Föstudagurinn 15. desember 2000

154. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 37/2000

**Erindi Hönnunar hf. vegna notkunar Stefáns Helga Kristinssonar
á léninu honnun.com og ritunar firmans Sígild hönnun**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 30. nóvember 1999, frá Guðjóni Ólafi Jónssyni hdl. f.h. Hönnunar hf. þar sem þess er óskað að lagt verði bann við notkun Stefáns Helga Kristinssonar á léninu honnun.com í atvinnurekstri sínum og að lagt verði bann við ritun firmans Sígild hönnun með þeim hætti að rita hönnun sem sérnafn þ.e. með stórum upphafsstaf; Sígild Hönnun.

Í erindinu segir að Hönnun hf., sem stofnað var árið 1963, sé ein elsta og öflugasta verkfræðistofa landsins. Fyrirtækið starfi við margvíslega verkfræðiráðgjöf svo sem vegna byggingar íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, viðhaldsverkefna, áætlunargerðar o.fl. Aðalstöðvar fyrirtækisins séu í Reykjavík, en að auki reki fyrirtækið útibú á Hvolsvelli. Þá eigi fyrirtækið dótturfyrirtæki, Hönnun og ráðgjöf ehf. sem hafi skrifstofur í Reykjavík, Akranesi, Egilsstöðum og Reyðarfirði. Hönnun hf. hafi verið skráð fyrir léninu honnun.is frá 26. mars 1997. Hinn 27. október 1999 hafi umsókn fyrirtækisins um skráningu myndmerkis sem vörumerkis verið móttækin af Einkaleyfastofu.

Þá segir einnig að einkafirma Stefáns Helga Kristinssonar, Sígild hönnun, hafi verið skráð hjá firmaskrá Reykjavíkur hinn 21. júní 1999 og er Stefán Helgi einn eigandi þess. Andstætt firmaskráningu hafi hann kosið að rita firmað „Sígild Hönnun“ með stórum upphafsstöfum í báðum orðum.

Á heimasíðu Sígildrar hönnunar, honnun.com, komi fram að starfssvið fyrirtækisins sé hönnun auglýsinga, bæklinga, nafnspjalda, ársskýrsla,

ársreikninga, reikninga, póstkorta, vefsíðna, margmiðlunardiska o.fl. Er fyrirtækið sagt hafa verið stofnað árið 1998. Upphaflega hafi fyrirtækið notað lénið simnet.is/stefanh/company/, en í júní 1999 hafi fyrirtækið fengið úthlutað léninu honnun.com. Á heimasíðu fyrirtækisins sem sé undir léninu honnun.com hafi beinlínis verið gert ráð fyrir að menn villtust á lénunum honnun.is og honnun.com þar sem hægt var að tengjast beint heimasíðu Hönnunar af heimasíðu Sígildrar hönnunar. Sá möguleiki hafi verið fjarlægður af síðunni um miðjan september 1999.

Þá segir í bréfi lögmannsins:

„Umbjóðandi minn er eins og áður sagði skráður fyrir léninu honnun.is. Fékk félagið léninu úthlutað hjá INTIS sem hefur með höndum úthlutun léna á Íslandi, þ.e. nöfn léna sem enda á .is. Hönnun hf. var stofnað árið 1963 og hefur lengi verið skráð í hlutafélagaskrá. Þá hefur fyrirtækið sótt um skráningu myndmerkis síns sem vörumerki. Umbjóðandi minn telur að notkun Stefáns Helga á léninu honnun.com gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð Hönnunar hf. á starfsemi Sígildrar hönnunar og sé beinlínis til þess fallið að vekja þá trú hjá neytendum að Hönnun hf. standi á einhvern hátt að rekstri Sígildrar hönnunar. Breytir þar engu þótt starfsemi Hönnunar hf. og Sígildrar hönnunar sé ólík, enda er það notkun lénnafnsins sem skiptir máli í þessu sambandi. Samkvæmt fyrri málslið 25. gr. samkeppnislaga nr. 8, 1993 er óheimilt að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Ljóst er að með notkun lénnafnsins honnun.com er Stefán Helgi að nota firmanafn umbjóðanda míns sem hann hefur ekki rétt til. Telur umbjóðandi minn því notkunina brjóta í bága við fyrri másl. 25. gr. samkeppnislaga. Vísar umbjóðandi minn einnig í þessu sambandi til þeirrar verndar sem firmanafn hans nýtur samkvæmt meginreglu 10. gr. laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42, 1903, sbr. og 4. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2, 1995.

Samkvæmt síðari málslið 25. gr. er sérhverjum bannað að nota auðkenni sem hann á tilkall til á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Ekki er dregið í efa að Stefán Helgi hafi á löglegan hátt fengið úthlutað léninu honnun.com erlendis frá. Notkun hans á léninu í atvinnurekstri hér á landi er hins vegar augljóslega til þess fallin að villst verði á því og léni umbjóðanda míns, honnun.is, en réttmæti notkunar á því léni hefur ekki verið dregin í efa. Hefur Stefán Helgi og

sjálfur búist við slíkum ruglingi eins og fyrr var rakið með því að hafa möguleika á tengingu við heimasíðu umbjóðanda míns á aðalvefsíðu firma síns. Telur umbjóðandi minn því að Stefáni Helga sé einnig af þessum sökum óheimilt að nota lénið honnun.com í starfsemi einkafirma síns, Sígildrar hönnunar...

Eins og fyrr er rakið hefur Stefán Helgi kosið að rita nafn einkafirma síns Sígildrar hönnunar með þeim hætti að hafa hástaf í hönnun og rita það sem sérnafn, þ.e. Sígild Hönnun. Kemur ritháttur þessi fram á fyrrgreindri vefsíðu Sígildrar hönnunar. Er þetta bæði í andstöðu við skráningu firmans í firmaskrá og íslenskar málfræðireglur, hefðir og venjur.

Umbjóðandi minn telur að ritun firmans Sígildrar hönnunar með framangreindum hætti brjóti í bága við ákvæði 20. 21. og 25. gr. samkeppnislaga, svo og 10. gr. laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, sbr. 4. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög, enda með notkun hönnunar sem sérnafns beinlínis verið að nota nafn Hönnunar hf. í nafni firmans.“

Bréfinu fylgdu ýmis fylgiskjöl til skýringar á erindinu.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Hönnunar var sent til umsagnar Stefáns Helga Kristinssonar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 6. desember 1999. Jóhannes Albert Sævarsson hrl. svarar f.h. Stefáns Helga með bréfi, dags. 17. janúar 2000. Í bréfinu segir að á verkefnissviðum fyrirtækjanna sé greinilegur munur og að engin ruglingshætta sé fyrir hendi. Verksvið þeirra skarist hvergi og er bent á starfsemi fyrirtækjanna eins og þeim er lýst í upphaflegu erindi Hönnunar. Þá segir að Sígild hönnun hafi fengið lénið honnun.com skráð athugasemdalaust hjá Network Solutions í Bandaríkjunum. Með þeirri skráningu hafi lénið honnun.com orðið jafnréttthátt léninu honnun.is á Internetinu. Þá segir í bréfinu:

„Það verður að teljast óeðlilegt ef eigandi svæðisnetfangs gæti rutt út af veraldarvefnum léni sem hefur verið réttilega skráð og hefur þar alþjóðlega skírskotun. Um skráningu léna gilda svipuð sjónarmið og um skráningu

vörumerkja og einkaleyfa. Hönnun hf. getur ekki eignað sér tiltekið lén á alþjóðlega vísu nema að hafa sjálft skráð lénið með réttum hætti hjá þeim netþjónustufyrirtækjum sem úthluta lénunum til viðskiptamanna sinna. Sígild hönnun hefur fulla heimild til að nota lénið honnun.com á netinu og verður það ekki aftur tekið nema fyrir framsal eða eitthvert brot Stefáns Helga á skráningarskilmálum eða samningi hans við Network Solutions.

Stefán Helgi telur að samkeppnisráð hafi ekki lögsögu í þessu máli þar sem lénið sem um ræðir er skráð í Bandaríkjunum. Úrskurður sem legði bann við notkun lénsins honnun.com myndi ekki sjálfkrafa leiða til niðurfellingar þess á veraldarvefnum. Hönnun hf. þyrfti því að sækja rétt sinn til að fá lénið afmáð fyrir samkeppnisyfyrvöldum eða dómstólum í því ríki. Gegn andmælum eiganda lénsins gæti slíkt reynst torsótt. Það væri með öllu óásættanlegt fyrir Stefán Helga ef samkeppnisyfyrvöld gætu meinað honum notkun lénsins honnun.com og væru þannig komin með inn grip inn í veraldarvefinn sem er alþjóðlegt fyrirbrigði án landamæra. Þannig sæti einstaklingur á Íslandi ekki við sama borð og einstaklingur annars ríkis sem hugsanlega fengi lénið honnun.com sér framselt. Með því móti væri verið að skerða frelsi Stefáns Helga til notkunar lénsins á alþjóðlega vísu, í þeim tilgangi að tryggja afar óljósa hagsmuni kvartanda.“

Þá er því mótmælt að meiri ruglingshætta sé á milli fyrirtækjanna af því að þau starfi bæði á Íslandi. Þeir sem leiti þjónustu hjá fyrirtækjum viti best sjálfir eftir hvaða þjónustu þeir séu að sækjast. Ekki sé ástæða fyrir Hönnun að óttast að viðskiptavinir fyrirtækisins lendi hjá Sígildri hönnun, enda hafi Stefán Helgi gert sérstakar ráðstafanir á heimasíðu sinni til þess að þeir sem lentu þar inni í leit sinni að Hönnun gætu fundið þá síðu með því að smella á sérstakan hnapp. Slíkar tilvísanir séu algengar á netinu. Með þessari tilvísun hafi Stefán Helgi ekki verið að viðurkenna ruglingshættu heldur að þeir sem leituðu Hönnunar gætu í fljótfærni lent inni á heimasíðu Sígildrar hönnunar.

Þá kemur fram í bréfinu að það sé ekki ætlun Stefáns Helga að villa um fyrir neytendum með því að láta líta svo út sem hann starfi í skjóli Hönnunar, enda komi skýrt fram á heimasíðunni að firmað hafi verið stofnað af honum á árinu 1998. Ef spurningar vakni hjá neytendum um að einhver tengsl séu á milli fyrirtækjanna sé það ekki á ábyrgð Stefáns Helga. Ekkert dæmi hafi verið nefnt sem bendi til slíks ruglings.

Þá segir í bréfinu:

„Í kvörtun Hönnunar hf. segir að með notkun lénsnafnsins honnun.com hafi Stefán Helgi notað firmanafn Hönnunar hf. sem hann hafi ekki rétt til. Orðið „honnun“ í nafni lénsins hefur enga merkingu, hvorki í íslensku né í ensku máli. Firmaheiti kvartanda er „Hönnun hf.“ en ekki „honnun“. Með notkun lénsins „honnun“ er ólíklegt að aðrir en Íslendingar myndu tengja lénið við hugtakið „hönnun“ eða enska orðið „design“ sem notað er í fjölda tungumála.

Einnig hefur Hönnun hf. kvartað yfir ritun Stefáns Helga á stórum staf í firmaheitinu „Sígild Hönnun“. Sömu sjónarmið og að ofan voru rakin gilda hér um. Sá ótti á ruglingi sem kvartandi ber í brjósti er með öllu ástæðulaus. Sá háttur sem Stefán Helgi notar við að rita nafn firma síns hefur fyrst og fremst með form og útlit að gera, rétt eins og ef notaðir væru eingöngu hástafir við ritun firmaheitis. Hönnun hf. hefur kosið að skrá sem vörumerki myndmerki félagsins þar sem firmaheitið er ritað með lágstöfum. Hér er ekki verið að hugsa um hvort ritunin brjóti í bága við íslenskar málfræðireglur, heldur hvort ritunin fangi augað og virki þannig vel á neytendum. Stefán Helgi telur að sá ritháttur sem hann viðhefur á heimasíðu sinni nái því fram sem til er ætlast og lýtur að útliti og fagurfræði en ekki að samkeppni og íslenskum rithætti.“

2.

Hinn 20. janúar 2000 sendi Samkeppnisstofnun bréf lögmanns Stefáns Helga til lögmanns Hönnunar hf. til umsagnar. Svar hans er dags. 3. febrúar sl. Þar er ítrekuð sú skoðun að notkun Stefáns Helga á léninu honnun.com gefi villandi upplýsingar um eignarrétt og ábyrgð Hönnunar á starfsemi Sígildrar hönnunar og sé til þess fallin að vekja þá trú hjá neytendum að Hönnun hf. standi á einhvern hátt að rekstri Sígildrar hönnunar. Það sé notkun lénsnafnsins sem skipti máli en ekki starfsemi fyrirtækjanna. Orðið „honnun“ í lénsnafninu honnun.com verði ekki skilið öðruvísi en svo að um orðið hönnun sé að ræða og hér á landi verði slíkt lénsnafn ekki tengt öðrum en Hönnun hf. Þá segir í bréfi lögmannsins:

„Telur umbjóðandi minn að með sama hætti og hugsanlegt lén „flugleidir.com“ sem notað væri í atvinnustarfsemi hér á landi, myndi vísa til Flugleiða hf., vísi lénið honnun.com til Hönnunar hf. Breytir þá engu þó orðið „flugleidir“ sé hvorki til í íslensku né ensku máli. Sama væri einnig ef einhver notaði í atvinnustarfsemi sinni lénið „trygging.com“, sem myndi vísa til Tryggingar hf., en ekki til firma með hugsanlegt heiti Sígild trygging.“

Þá er með vísan til hlutverks samkeppnisráðs, hafnað þeirri málsástæðu að samkeppnisráð hafi ekki lögsögu í málinu. Þó svo að Stefán Helgi hafi skráð lén sitt erlendis þurfi hann engu að síður að hlíta lögum um samkeppni og réttmæta viðskiptahætti hér á landi. Einkafirmað Sígild hönnun sé skráð hér á landi og um þá starfsemi gildi íslensk lög. Lén skráð erlendis breyti engu þar um.

Þá er ítrekað að notkun Stefáns Helga á léninu honnun.com sé brot á síðari málslið 25. gr. samkeppnislaga þar sem það sé til þess fallið að villst verði á því og léni Hönnunar, honnun.is. Breyti engu þó tekið sé fram á heimasíðu Sígildrar hönnunar að fyrirtækið hafi verið stofnað af Stefáni Helga. Engin trygging sé fyrir því að svo verði áfram. Þá er ítrekuð sú skoðun að notkun Stefáns Helga á framangreindu léni sé jafnframt brot á 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Loks er vísað til eftirtalinna ákvarðana samkeppnisráðs, nr. 13/1994, *Kvörtun Bálheima vegna notkunar á vörumerkinu GM*, nr. 44/1998, *Kvörtun Lyfju hf. yfir stafaskilti Borgar Apóteks* og nr. 23/1999, *Kvörtun Lífstykkiabúðarinnar ehf. yfir notkun Olympíu ehf. á nafninu Lífstykkiabúðin*. Þá er vísað til þriggja hæstaréttardóma frá árinu 1988. Bls. 1341, *Straumnes hf. Patreksfirði gegn Straumnesi hf. Reykjavík*, bls. 1344, *Hvoll hf. Eyrarbakka gegn Hvoli hf. Reykjavík*, bls. 1349, *Hekla hf. gegn Bjöllunni hf.*

Að lokum er vísað til fyrri krafna varðandi ritun firmans Sígild hönnun með upphafsstaf í seinna orðinu. Mótmælt er að rithátturinn hafi eitthvað með form, útlit eða fagurfræði að gera enda komi hann fram í texta sem ritaður sé með hefðbundnum hætti, formi, letri og stafagerð. Þá er í bréfinu mótmælt samanburði þessa ritháttar við sérhannað vörumerki Hönnunar hf. sem hafi enga þýðingu í þessu sambandi.

3.

Hinn 9. febrúar 2000 sendi Samkeppnisstofnun bréf lögmanns Hönnunar hf. til lögmanns Stefáns Helga til umsagnar. Svar hans er dags. 30. mars sl. Þar segir m.a.:

„Með kvörtun Hönnunar hf. er verið að rugla saman annars vegar ritun firmaheitisins „Hönnun hf.“ og hins vegar orðskrípisins „honnun“ í léni beggja aðila, sem vart er annað en stafaruna. Þótt firmaheitið „Hönnun hf.“ teljist vera varið hér á landi og hindri aðra aðila í notkun þess þá nær sú vernd ekki til notkunar orðsins „honnun“ í léni. Að túlka vernd firmanafnsins svo víðtækt skv. meginreglu 10. gr. laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð

nr. 42/1903 fær ekki staðist. Það er ekki meiri ruglingshætta á notkun þessara tveggja léna en svo að líkja mætti þeirri hættu saman við ef netpóstur bærisk á líkt netfang, hringt væri í skakkt símanúmer eða útborinn póstur bærisk á rangan stað... Lögin frá 1903 mega ekki verða til þess að hefta notkun og útbreiðslu þessa miðils.“

4.

Hinn 11. apríl 2000 sendi Samkeppnisstofnun málsaðilum bréf þar sem tilkynnt var að gagnaöflun í málinu væri lokið. Jafnframt var lögmanni Hönnunar hf. sent bréf lögmanns Stefáns Helga Kristinssonar.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 15. desember sl., var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon

1.

Í máli þessu kvartar Guðjón Ólafur Jónsson hdl. f.h. verkfræðistofunnar Hönnunar hf., eiganda lénsins honnun.is, yfir skráningu og notkun Stefáns Helga Kristinssonar á léninu honnun.com í atvinnurekstri á einkafirma hans Sígildri hönnun, sem starfar á sviði grafískrar hönnunar. Auk þess er kvartað yfir því að Stefán Helgi riti firmað með þeim hætti að seinna orðið í nafni þess sé skráð með stórum upphafsstaf þ.e. að síðara orðið sé ritað sem sérnafn. Að mati kvartanda brýtur framangreint í bága við ákvæði 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Af gögnum málsins má ráða að Stefán Helgi telji að skráning hans á léninu honnun.com hjá Network Solutions í Bandaríkjunum hafi alþjóðlega skírskotun sem ekki verði af honum tekin nema fyrir framsal eða brot hans á skráningarskilmálum eða samningi hans við fyrirtækið. Samkeppnisstofnun hafi ekki lögsögu í málinu þar sem lénið sé skráð í Bandaríkjunum. Ekki sé meiri ruglingshætta á milli fyrirtækjanna þó þau starfi bæði á Íslandi, enda hafi Stefán Helgi gert sérstakar ráðstafanir til þess að viðskiptavinir Hönnunar sem lentu inn á vefsíðu Sígildrar hönnunar ættu greiða leið þangað. Þá komi skýrt fram á vefsíðu Sígildrar hönnunar að firmað hafi verið stofnað af Stefáni Helga á árinu 1998. Þá er því mótmælt að Stefán Helgi hafi notað firmanafn

Hönnunar, enda sé lénsheitið honnun.com en ekki hönnun.com. Loks er bent á að ritun firmans Sígild hönnun með stórum upphafsstaf í seinna orðinu hafi fyrst og fremst með form og útlit að gera, rétt eins og ef notaðir væru eingöngu hástafir við ritun firmans.

2.

Á undanförunum fimm árum hefur notkun Internetsins margfaldast sem m.a. hefur valdið gífurlegri fjölgun skráðra lénnafna. Lagasetningar um skráningu léna eru víðast hvar takmarkaðar en vissar alþjóðlegar reglur hafa þó skapast.

Uppbyggingu lénnafnakerfisins er þannig háttáð að í fyrsta lagi er um að ræða svokölluð rótarlén, en þau geta verið tvenns konar. Annars vegar svæðisbundin sem vísa til tiltekins svæðis eða lands, svo sem .is sem vísar til Íslands, .dk sem vísar til Danmerkur o.s.frv. Þessum svæðisbundnu rótarlénum er úthlutað af tilteknum aðila innan hvers lands fyrir sig. Skilyrði skráningar eru mismunandi ströng eftir löndum. Sem dæmi má taka að það er skilyrði hér á landi að stjórnunarlegur tengiliður léns hafi íslenskt ríkisfang. Hins vegar er um að ræða almenn rótarlén sem ekki hafa svæðisbundna skírskotun og geta Íslendingar sem aðrir fengið úthlutað slíkum lénum. Sem dæmi má taka .com sem upphaflega var ætlað fyrir aðila sem tengdust viðskiptum og .net sem ætlað var tölvufyrirtækjum. Fyrirtækið Network Solutions Inc. hefur haldið utan um skráningu þessara almennu rótarléna.

Lénnöfn eru samsett úr tveim hlutum, fyrri hluta og endingu. Fyrri hluti lénnafns er til dæmis nafn fyrirtækis, vöru eða þjónustu. Endingin er fyrirfram ákveðin og gefur vísbendingu um hjá hvaða rótarléni lénnafnið er skráð, annað hvort hjá svæðisbundnu eða almennu rótarléni. Við skráningu léna má aðeins nota stafi úr enska stafrófinu. Mismunandi kröfur virðast gerðar til sönnunar á rétti til þess nafns sem óskað er skráningar á. Sama meginreglan, „*fyrstur kemur fyrstur fær*“ virðist hins vegar gilda víðast hvar um forgang til skráningar tiltekinna lénnafna.

Sem að framan greinir eru reglur um skráningu lénnafna víðast hvar takmarkaðar. Hefur það valdið árekstrum m.a. við firma- og vörumerkjarétt. Þessi tvö kerfi hafa að undanförunu þróast án tillits til hvors annars. Hafa margir reynt að nýta sér þá annmarka sem af ástandi þessu hefur skapast. Sem dæmi má nefna kaup á lénnöfnum sem fela í sér þekkt vörumerki í þeim tilgangi að hagnast á sölu þeirra.

Á vegum Sameinuðu þjóðanna er starfrækt stofnun sem ber heitið World Intellectual Property Organization, skammstöfuð WIPO. Hlutverk hennar er m.a. að styrkja á alþjóðavísu vernd einkaleyfa og vörumerkja.

Með aukinni notkun Internetsins og mikilli fjölgun lénnafna í tengslum við hana, hefur á vegum WIPO farið fram viðtæk alþjóðleg umræða um úthlutun og skráningu lénnafna, með það að markmiði að semja alþjóðlegar reglur á því sviði. Á vegum stofnunarinnar er starfrækt nefnd, WIPO Arbitration and Mediation Center, sem er ætlað að leysa úr deilumálum sem rísa vegna úthlutunar á lénnöfnum. Í lokaskýrslu WIPO um lénnöfn, Final Report of the WIPO Internet Domain Name Process, sem kom út 30. apríl 1999, má finna reglur sem WIPO vinnur eftir og tillögur stofnunarinnar að því hvaða alþjóðlegar reglur skuli gilda um skráningu lénnafna. Gildir einu hvar lénnafnið er skráð, en til þess að nefndin telji skráningu lénnafns andstæða reglum þarf lénnafnið að vera það sama eða það líkt því firma- eða vörumerki sem kvartandi hefur lögleg umráð yfir að hætta sé á að villst verði á þeim. Eigandi lénnafnsins skal enga lagalega hagsmuni hafa af lénnafninu. Lénnafnið þarf að hafa verið skráð og notað gegn betri vitund. Þá segir jafnframt í skýrslunni að eftirtalin atriði geti bent til þess að lénnafnið sé notað gegn betri vitund:

1. Eigandi firma- eða vörumerkis, eða keppinautur hans verður að hafa fengið sölu- eða leigutilboð á lénnafninu eða að yfirfærsla lénnafnsins hafi átt sér stað til annars hvors þeirra gegn greiðslu.
2. Reynt hafi verið, í fjárhagslegu ábótaskyni, að rugla eða blekkja neytendur Internetsins til tjóns fyrir eiganda firma- eða vörumerkis t.d. á þann hátt að neytendur telji að um vöru eða þjónustu hans sé að ræða.
3. Skráningin hafi verið gerð í þeim tilgangi að hindra eiganda firma- eða vörumerkis í að koma merki sínu á framfæri sem lénnafni enda hafi eigandi þess sýnt að slíkt stæði til.
4. Skráningin sé gerð í þeim tilgangi að eyðileggja viðskipti keppinautar.

Rétt er í þessu samhengi að kanna hvort deilan um lögmati notkunar lénnafnsins honnun.com heyri undir framangreinda nefnd, WIPO Arbitration and Mediation Center.

Eins og að framan greinir er eitt af skilyrðum þeim sem WIPO setur til þess að deila um lénnafn verði tekin upp af nefndinni, að handhafi lénnafnsins hafi í fjárhagslegu ábataskyni reynt að selja lénnafnið til eiganda firma- eða vörumerkis eða keppinautar hans eða á annan hátt reynt með notkun

lénnafrnsins að valda umráðandanum tjóni. Ekki fæst séð í gögnum málsins að slíkt atferli hafi verið haft í frammi af hálfu Sígildrar hönnunar, enda er því ekki haldið fram í erindinu. Af því leiðir að búast má við að málið yrði ekki tekið til afgreiðslu nefndarinnar. Þá er þess að geta að það er mat WIPO að almennt geti dómstólar dæmt í deilum um lénnöfn og vísar WIPO þá bæði á land rótarlénsins og til þess lands sem stjórnunarlegur tengiliður lénnafrnsins á lögheimili, enda bindi niðurstöður nefndarinnar ekki dómstóla.

3.

Í máli þessu er dregin í efa lögsaga samkeppnisráðs í málinu, þar sem lén Sígildrar hönnunar, honnun.com, sé skráð erlendis. Sem að framan greinir er lénið skráð hjá fyrirtækinu Network Solutions Inc., sem úthlutar lénnöfnum á svokölluð almenn rótarlén, eins og .com. Almennu rótarlénunum er ætlað að hafa alþjóðlega skírskotun en ekki svæðisbundna, á sama hátt og svæðisbundin rótarlén.

Óumdeilt er að lénnöfnin honnun.is og honnun.com eru skráð á lögmætan hátt hjá skráningaraðilum rótarléna. Ennfremur eru fyrirtækjanöfnin skráð á lögmætan hátt hér á landi, annars vegar Hönnun sem hlutafélag og hins vegar Sígild hönnun sem einkafirma. Samkvæmt 3. gr. samkeppnislaga taka lögin til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða er ætlað að hafa áhrif hér á landi. Enda þótt lén Sígildrar hönnunar, honnun.com, sé skráð undir almennu rótarléni, þykir samkeppnisráði einsýnt að því sé ekki ætlað að hafa að meginmarkmiði alþjóðlega skírskotun heldur að hafa áhrif hér á landi í atvinnulegu tilliti. Léninu, eða vefsvæðinu, sé fyrst og fremst ætlað að ná til íslenskra neytenda, enda er heimasíðan sem lénið vísar til að mestu leyti á íslensku.

Skráning lénnafrna verður að vera skv. ensku stafrófi. Af því leiðir að ekki er hægt að skrá lénnafrnið hönnun, þar sem orðið hefur að geyma íslenska bókstafinn ö heldur er bókstafurinn o notaður í staðinn skv. venju sem hefur skapast. Er þetta íslenskum notendum Internetsins kunnugt og er því ljóst að þeir Íslendingar sem vilja finna orðið hönnun á Internetinu myndu slá inn orðið skv. ensku stafrófi þ.e. „honnun“. Samkvæmt framansögðu er það mat samkeppnisráðs að samkeppnislög taki til lénsins honnun.com, sbr. 1. mgr. 3. gr. samkeppnislaga og þeirra áhrifa sem vefsvæðið hefur hér á landi.

4.

25. gr. samkeppnislaga hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga kemur fram að í 25. gr. felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérköggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerð skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlög veiti auðkennunum. Síðari málsliður greinarinnar takmarkar rétt til að nota eigin auðkenni þannig að óheimilt er að nota það á þann veg að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Hefur ákvæðið verið túlkað á þann hátt að það taki til tilvika þar sem réttarstaða til auðkenna sé óumdeild. Samkeppnisráð telur að svo sé í þessu tilviki.

5.

Fyrst skal litið til þess þáttar kvörtunarinnar sem snýr að því hvort Sígild hönnun sé með notkun lénnafnsins honnun.com að nýta sér firmanafn Hönnunar sbr. fyrri málslið 25. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð fær ekki séð að notkun Sígildrar hönnunar á lénnafninu honnun.com jafnist á við notkun á firmanafninu Hönnun hf. eða gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda í skilningi 25. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð telur hvorki lénnafnið sem slíkt, né efni vefsvæðisins vera til þess fallið að vekja þá trú hjá neytendum að Hönnun beri ábyrgð á eða standi á einhvern hátt að rekstri Sígildrar hönnunar. Að mati samkeppnisráðs á því fyrri málsliður 25. gr. samkeppnislaga ekki við í máli þessu.

6.

Skal því næst litið til þess hvort notkun Sígildrar hönnunar á lénnafninu hönnun.com sé til þess fallin að villst verði á því og lénnafninu hönnun.is, sbr. síðari málslið 25. gr.

Eins og áður greinir er í máli þessu óumdeilt að bæði Hönnun hf. og Sígild hönnun hafi skráð lénnöfn sín á lögmatan hátt. Hönnun skráir lén sitt hjá Internet á Íslandi hf., ISNiC¹, á grundvelli vörumerkjaréttar sem honnun.is og Sígild hönnun hjá Networks Solutions í Bandaríkjunum sem honnun.com á grundvelli meginreglunnar „*fyrstur kemur fyrstur fær*“. Að mati samkeppnisráðs verður að telja að báðir málsaðilar eigi óskoraðan rétt til auðkenna sinna í skilningi samkeppnislaga og á því seinni málsliður 25. gr. laganna við í máli þessu. Er því nauðsynlegt að líta til þess hvort notkunin sé slík að villast megi á lénunum.

Með aukinni almennri notkun Internetsins verða lén sífellt mikilvægari. Þeir sem nota netið hafa vanist því að fyrirtæki og stofnanir skrái lén sín með sama eða samskonar nafni og auðkennir þjónustu þeirra. Sá sem ætlaði að finna málningu myndi t.d. leita að lénunum harpa.is, malning.is, sjofn.is, slippfelagid.is o.s.frv. án þess að vita fyrirfram hvort þar sé að finna heimasíður fyrirtækjanna.

Í máli þessu eru bæði fyrirtækin íslensk og er að mestu ætlað að höfða til íslenskra neytenda. Ætla má að þeir sem vilja finna heimasíður þeirra slái inn nöfn fyrirtækjanna með endingunni .is. Á þann hátt finnst heimasíða Hönnunar hf. en ekki Sígildrar hönnunar. Sá sem ætlar að finna heimasíðu Sígildrar hönnunar myndi tæplega slá inn honnun.is svo að lítil hætta er á ruglingi að því leyti. Ef sá sem leitar að heimasíðu Sígildrar hönnunar hefur ekki upplýsingar um lénnafn fyrirtækisins myndi hann að líkindum nota leitarvél á Internetinu. Með slíkri aðferð koma upp ýmis vefsvæði sem tengjast leitarorðinu og verður notandinn að velja úr með því að kynna sér stuttlega efni þeirra. Telja verður ólíklegt að villst verði á vefsvæðum Hönnunar og Sígildrar hönnunar þar sem um gerólíka starfsemi er að ræða. Hönnun starfar á sviði verkfræðiráðgjafar, en Sígild hönnun starfar á sviði grafískrar hönnunar. Að mati samkeppnisráðs eru því litlar líkur á því að nafn á léni Sígildrar hönnunar, honnun.com, geti

¹ Þann 6. október 2000 var rekstri Internets á Íslandi hf. skipt í tvennt, annars vegar rekstur á rótarléninu .is og hins vegar netrekstur. Netreksturinn var færður yfir í nýtt fyrirtæki INTÍS ehf. en um skráningu og úthlutun á lénunum sér Internet á Íslandi hf., nú skammstafað ISNiC. Hér á eftir verður skammstöfunin ISNiC notuð þar sem fyrir 6. október sl. var notuð skammstöfunin INTÍS.

valdið ruglingi við lénnafn Hönnunar, honnun.is. Skv. framansögðu er það mat samkeppnisráðs að notkun Sígildrar hönnunar á léninu honnun.com sé ekki til til þess fallin að brjóta gegn síðari málslið 25. greinar samkeppnislaga.

7.

Þá er í erindinu haldið fram að skráning firmans Sígild hönnun með upphafsstaf í báðum orðunum, Sígild Hönnun, sé brot á 25. gr. samkeppnislaga þar sem með þeim rithætti sé fyrirtækið að nota firmanafn Hönnunar hf. Samkeppnisráð fær ekki séð að slíkur ritháttur geti verið til þess fallinn að valda ruglingi við firmanafn Hönnunar enda verður að mati ráðsins að líta svo á að hér sé eingöngu um stílfærslu að ræða á nafni og merki fyrirtækisins. Algengt er að fyrirtæki skrái nöfn sín með þeim hætti. Má þar m.a. benda á að Hönnun hf. kýs að nota lágstafi í nafni fyrirtækisins í merki þess.

Því hefur einnig verið haldið fram í máli þessu að háttsemi Sígildrar hönnunar fari gegn 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Með vísan til þeirra sjónarmiða sem rakin hafa verið hér að framan telur samkeppnisráð að í máli þessu hafi ekki verið brotið gegn ákvæði 20. eða 21. gr. samkeppnislaga, þar sem hvorki notkun Sígildrar hönnunar á lénnafninu honnun.com né fyrrgreindur ritháttur á nafni fyrirtækisins geti talist villandi eða brjóti í bága við góða viðskiptahætti.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er tilefni til íhlutunar samkeppnisráðs í máli þessu.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 5/2001](#)]